

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1267
komudagur 17.3.2014

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 17.03.2014
Tilv. 2014/0067 - 0.0.01
HS

Efni: 213. mál. Gjaldtökuheimild raffangagjalds - laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Neytendastofa vísar til frumvarps allsherjar-og menntamálanefndar sem miðar að breytingum á lögum nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Stofnunin telur nauðsynlegt að benda Alþingi á að ákvæði framangreindra laga varðandi gjaldtökuheimildir þarfnast úrbóta þannig að þau séu í samræmi við gildandi skuldbindingar Íslands gagnvart alþjóðlegum samningum og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Neytendastofa telur óhjákvæmilegt að Alþingi skoði og breyti lögum 146/1996 þannig að tillit verði tekið til eftirfarandi atriða sem varða gjaldtökuheimildir laganna:

1. Óheimilt framsal til ráðherra við ákvörðun tollflokka – andstætt stjórnarskrá.

Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996 segir :

“Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um gjöld þessi”.

Framangreint ákvæði er í andstöðu við ákvæði stjórnarskrá lýðveldisins svo sem henni var breytt árið 1995 en þar segir í 77. gr.:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.“

Af framangreindu er ljóst að gildandi ákvæðum laga nr. 146/1996 verður að breyta enda óheimilt að framselja slíkt vald til ákvörðunar á tollflokki til ráðherra eins og gert er í gildandi lögum. Auk þessa sýnir reynslan, eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum Neytendastofu, að valdheimildum ráðherra var ekki beitt á réttan hátt að mati stofnunarinnar þegar að skipting gjalds var ákveðið við setningu reglugerðar nr. 678/2009, um raforkuvirki. Mikilvægt er að Alþingi tryggi að grundvöllur gjaldtöku sé í samræmi við gildandi lög og stjórnarskrá.

2. Vísa þarf til tollflokka í lögum.

Tollflokkar sem eiga að falla undir gjaldtökuheimildir laga nr. 146/1996 verður að fella undir viðauka um gjaldskyld tollskrárnúmer í lögum nr. 97/1987, um vörugjöld með síðari breytingum, en að öðrum kosti að vísa til laga nr. 146/1996 um gjaldtökuna.

3. Ákvæði um skyldur innlendra framleiðenda til að tilkynna um framleiðslu.

Mikilvægt er að þau gjöld sem hér um ræðir séu bæði greidd á innflutta vöru sem og innlenda framleiðslu. Í lögum nr. 146/1996 vantar alfarið hefðbundið ákvæði þar sem sú skylda er lögð á innlenda framleiðendur að þeir skuli ótilkvaddir áður en gjaldskyld starfsemi hefst tilkynna um það og skrá framleiðsluna hjá Ríkisskattstjóra. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í lögum nr. 146/1996 og þar af leiðir að tilvísun í 9.2. gr. reglugerðar nr. 678/2009 til laga nr. 97/1987 byggir ekki á fullnægjandi lagaheimild að þessu leyti.

Neytendastofa hefur m.a. í árskýrslum, svo og á fundi hjá Allsherjar – og menntamálanefnd, bent á nauðsyn þess að taka til heildarendurskoðunar ákvæði laga nr. 146/1996. Reyndar hefur stofnunin einnig bent á nauðsyn þess að ákvæði 14. gr. laga nr. 146/1996 verði endurskoðuð, sbr. *úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 10/2008* og bréf Neytendastofu til þáverandi ráðherra dags. 20. mars 2009. Við meðferð frumvarps þess sem hér um ræðir, sbr. 213. mál og fyrirbyggjandi nefndarálit, verður ekki betur séð en að ekki sé stefnt að slíkri endurskoðun sem er þó afar brýn að mati Neytendastofu. Við slíka endurskoðun þarf að gæta að framangreindum grundvallar atriðum er varða gjaldtökuheimildir en jafnframt myndi slík endurskoðun vera til þess fallin að sýna fram á að engin tengsl eru á milli markaðseftirlits með raftækjum á neytendamarkaði og eftirlits sem fram fer með starfsemi raforkuvirkjana hér á landi. Í öðru tilvikinu er um að ræða fjöldaframleidd raftæki fyrir neytendur á grundvelli samræmdrar löggjafar ESB/EES en í hinu tilvikinu er um að ræða löggjöf um raforkuvirkjanir og eftirlit með starfsemi þeirra, sem og ákvæði er varða neysluveitur og starfsemi rafverktaka en þau eru að öllu leyti íslensk og byggja á allt öðrum sjónarmiðum en reglur ESB/EES um viðskipti með raftæki fyrir neytendur.

Af öllu ofangreindu virtu telur Neytendastofa því að nefndin verði við breytingu á lögum nr. 146/1996 að skoða framangreind atriði og gera viðeigandi breytingar til þess að treysta lagaumgjörð varðandi gjaldtöku á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Helga Sigmundsdóttir
Helga Sigmundsdóttir
Lögfræðingur